

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kjósarhreppi.

Brekkur í landi Eyrarkots, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Kjósarhrepps samþykkti 4. maí 2022 deiliskipulag frístundabyggðar Brekkna.

Deiliskipulag íbúðarbyggðar og nágrennis í landi Eyrarkots tekur til 20 ha svæðis. Innan svæðisins eru skilgreindar sex íbúðarlóðir, landbúnaðarsvæði þar sem stundað er æðarvarp, lóð fyrir smábátahöfn og tvær verslunar- og þjónustulóðir, þ.e. fræðslu- og fuglaskoðunarskála. Uppbygging er hafin á einni íbúðarlóð, þ.e. Snorravík. Skipulagsvæðið hallar til norðurs og er við Hvalfjörð. Aðkoma að íbúðarlóðum er um veginn Blómsturvelli sem tengist Hvalfjarðarvegi (47). Aðkoma að verslunar- og þjónustulóðunum verður um nýjan veg, Hestaþingshól, sem tengist Hvalfjarðarvegi (47). Skipulagsvæðið afmarkast í suðri af Hvalfjarðarvegi, í austri af Bolaklettavegi (4898), norðri af Hvalfirði og vestri af jarðamörkum Eyrar.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Kjósarhreppi, 5. maí 2022.

Sigurður H. Ólafsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 19. maí 2022